

Fréttamannafundur

Boðaður af stjórn knattspyrnudeildar Víkings, 12. október 2009 kl. 12:00

Stjórn knattspyrnudeildar Víkings er mikið gleðiefni að tilkynna endurkomu Helga Sigurðssonar í Víking. Félagið hefur samið við leikmanninn út tímabilið 2012.

Helgi lék síðast með Víkingi á árunum 1990-1992 og varð meðal annars Íslandsmeistari með félaginu árið 1991, þá aðeins 17 ára gamall. Helgi á að baki feril sem atvinnumaður í Danmörku, Noregi, Þýskalandi og Grikklandi. Hann hefur leikið 63 A landsleiki fyrir Ísland og skorað í þeim 10 mörk.

Markmið félagsins er að komast í fremstu röð í íslenskri knattspyrnu og er það leiðarljós sem unnið er eftir á öllum vígstöðvum og hefur starfið í félaginu sjaldan verið öflugra. Víkingur stefnir að enn frekari styrkingu á núverandi leikmannahópi fyrir komandi tímabil enda er það skýrt markmið allra sem starfa fyrir félagið að koma Víkingi í úrvalsdeild á ný.

Ferill Helga Sigurðssonar:

Tímabil	Félag	Leikir	Mörk
2007-2009	Valur	56	29
2006	Fram	18	12
2003-2006	AGF	41	8
2001-2003	Lyn	52	13
1999-2001	Panathinaikos	32	10
1997-1999	Stabæk	52	26
1997	Fram	5	1
1996-1997	TB Berlin	14	6
1994-1996	Stuttgart	2	0
1993-1994	Fram	36	23
1990-1992	Víkingur	24	11
SAMTALS		332	139

